

Nd.

109. Frumvarp til laga

[67. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Jónas Rafnar.

1. gr.

Á eftir 6. lið í 48. kafla 1. gr. laganna kemur nýr liður (verður 6. a.), svo hljóðandi:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
Garn til verksmiðjuíðnaðar	1 kg	2	2

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 49 25. maí 1950 var tollur á gervisilkiúrgangi, óspunnum gervisilkiþræði og öðrum þess konar gerviþráðum úr cellulose lækkaður allverulega.

Hér er lagt til, að sama verði látið gilda um baðmullargarn til verksmiðjuíðnaðar, þ. e. tollur á því verði lækkaður í 2 aura pr. kg í vörumagnstoll og 2% í verðtoll.

Það er algerlega óeðlilegt, að verksmiðjur, sem vinna úr gervisilkiþræði, þurfi að greiða lægri toll af hráefni til framleiðslu sinnar en verksmiðjur, sem vinna úr baðmullargarni, þar eð af því leiðir, að framleiðsla hinna síðarnefndu verksmiðja verður alls ekki samkeppnishæf við framleiðslu hinna fyrrnefndu, þ. e. sama varan verður hlutfallslega miklu dýrari úr baðmullargarni en gervisilki.

Þá má benda á það, að tollur á segldúk, en hann er unninn úr baðmullargarni, er 2—5, og að sami tollur er nú á því baðmullargarni, sem flutt er inn sem hráefni fyrir verksmiðjuíðnaðinn, og því, sem selt er í smásölu í verzlunum, en hvorugt getur talizt eðlilegt né réttlátt.

Í nágrannalöndum okkar er sama hráefni og hér um ræðir ýmist tollfrjálst eða tollur á því mjög lágur.